

Nd.

28. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Benedikt Gröndal, Pétur Pétursson, Stefán Gunnlaugsson,
Sigurður E. Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Sjómenn, sem skráðir hafa verið á íslensk skip ekki skemur en sex mánuði af skattári, skulu vera tekjuskattsfrjálsir upp að tilteknu tekjumarki, sem ríkisstjórnin ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er, að íslenskir sjómenn, sem skráðir eru á skip sex mánuði eða meira, skuli ekki greiða tekjuskatt til ríkisins.

Um þessar mundir er miklum erfiðleikum bundið að fá sjómenn á marga báta. Slíkt ástand skapast alltaf öðru hverju og getur farið eftir atvinnuástandi í landi og ýmsu öðru. Verður þjóðfélagið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hvetja menn til starfa á sjónum, þar sem sjávarafli er alger undirstaða undir atvinnulífi og afkomu þjóðarinnar.

Starf sjómannsins er svo sérstætt og þýðingarmikið, að ástæða er til að láta sérstök ákvæði gilda um skattlagningu sjómanna. Hafa slík ákvæði lengi verið í gildi hér á landi og eru einnig hjá öðrum þjóðum, t. d. Norðmönnum.

Frv. gerir ráð fyrir, að allur þorri sjómanna verði undanþeginn tekjuskatti ríkisins. Er þó gert ráð fyrir, að ríkisstjórn geti ákveðið tekjumark, þannig að þessi hlunnindi nái ekki til óvenjulega hárra tekna, sem einstaka menn geta stundum hlotið á sjónum. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á greiðslu útsvars, enda mundu slík hlunnindi koma mjög misþungt niður á hinum ýmsu sveitarfélögum landsins. Verður að halda ákvæðum fyrri málsgreina laganna, þar sem útsvör eru við þau miðuð, og því ekki hægt að fella þau niður.